# dr. Þorkell Þorkelsson og jarðfræði Íslands

Því miður hafði mjer, í ritgerð sem birtist í þ. á. júníhefti enska jarðfræðitímaritsins Geological Magazine, og sagt var frá í frjettatíma útvarpsins 4. þ. m., gleymst að geta um dr. Þorkel Þorkelsson, er jeg nefndi þá sem unnið hafa að því að auka þekkingu á hinu stórmerkilega ísaldatímabili Íslands. En dr. Þorkell hefir, hjer í nánd við Reykjavík, fundið mjög fróðlegar jurta- og skorkvikindaleifar frá hlýjukafla (interglacial-kafla) milli ísalda. Eru slíkar rannsóknir jafnvel sjerstaklega eftirtektarverðar nú, er vjer fáum sjálfir að reyna, hvernig loftslagið er hjer að bráðbreytast í þá átt, að Ísland geti orðið skógland og kornræktar.

7. des.

**Helgi Pjeturss.**